



# ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um æskulýðs- og frístundastarf
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Mennta- og barnamálaráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	18. desember 2023

## A. Úrlausnarefni

### 1. Forsaga máls og tilefni

Mennta- og barnamálaráðherra hefur gefið út stefnu um tómsunda- og félagsstarf barna og ungmenna sem gildir til 2030. Ein af aðgerðum stefnunnar er endurskoðun æskulýðslaga nr. 70/2007 þar sem margt hefur breyst í starfsumhverfi æskulýðs- og frístundastarfs frá því að lögin voru sett árið 2007.

### 2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið er heildarendurskoðun laga um æskulýðsstarf.

### 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Frá því að lögin voru sett árið 2007 hefur orðið ör þróun í málaflokknum og lagabreytingar. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið lögfestur, starfsemi frístundaheimila lögfest í grunnskólalögum árið 2016 og stefna um Barnavænt Ísland verið samþykkt. Frá árinu 2007 hafa einnig orðið breytingar á samfélagsgerð, tilkoma háskólanáms í tómsunda- og félagsmálafræði á bakkalár- og meistarastigi hefur gjörbreytt fagþekkingu á þessu sviði með aukinni fagmennsku og gæðastarfs í frístundastarfi. Komið hefur fram krafa frá samfélaginu um skýran ramma um starfsemi félagsmiðstöðva sem mikilvægra þjónustuveitenda sem tryggir öllum börnum aðgang að skipulögðu frístundastarfi og samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Að mati ráðuneytisins er eðlilegt og í takt við gildandi stefnu um tómsunda- og félagsstarf barna og ungmenna til 2030 að lögin verði endurskoðuð með hliðsjón af þessu, laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 auk annarra þjóðfélagslegra breytinga sem orðið hafa frá gildistöku laganna.

## B. Markmið

### 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki;

Framtíðarsýn stjórnvalda fyrir málaflokk lista, menningar og íþróttá- og æskulýðsmála er að Ísland skipi sér í fremstu röð á þessum sviðum. Allir landsmenn eiga að geta aukið lífsgæði sín með þátttöku í öflugum og fjölbreyttu starfi á þeim. Málefnasviðið í heild hefur sterka samsvörun við velsældarmarkmið ríkisstjórnarinnar.

Í stefnu um tómsunda- og félagsstarf barna og ungmenna til 2030 sem er vegvísir til framtíðar kemur fram að mennta- og barnamálaráðuneytið hyggst leggja áherslu á til að styðja við skipulagt félags- og tómsundastarf þar sem börn og ungmenni hafa tækifæri til að taka þátt á eigin forsendum, þroskast í öruggu umhverfi og styðja um leið við þau grunnildir sem þátttaka í lýðræðissamfélagi felur í sér. Aðgerðir byggðar á stefnunni miða að því að tryggja öllum börnum og ungmennum fjölbreytt og framúrskarandi tómsunda- og félagsstarf með virka þátttöku að leiðarljósi.

Meginmarkmið stjórnvalda á sviði íþróttá- og æskulýðsstarfs er að auka gæði og styrkja faglega umgjörð um skipulagt íþróttá- og æskulýðsstarf.

## 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda;

Markmiðið er að breytingarnar sem áformaðar eru styðji við tómsunda- og félagsstarf barna og ungmenna, faglegan vettvang frístundastarfs og starfsemi félagsmiðstöðva á landsvísu þar sem aukið vægi og áhersla er lögð á að öllum börnum og unglingum standa til boða skipulagt frístundastarf sem hefur forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska. Mikilvægt er að lögín séu í samræmi við aðra lagasetningu í málaflokknum.

## C. Leiðir

### 1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ef ekkert er að aðhafst verður réttarástandið óbreytt. Gildandi æskulýðslög styðja ekki nægilega vel við starf á þessum vettvangi auk þess sem færa þarf löggjöf til betra samræmis við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ef lögín eru ekki endurskoðuð hamlar það framgangi stefnu í málaflokknum.

### 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

EKKI verður séð að áður nefndum markmiðum verði náð með öðrum úrræðum en lögum frá Alþingi.

### 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Ný heildarlög um æskulýðs- og frístundastarf til samræmis við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og lög um samþættingu þjónustu í þágu barna. Þörf er á nýrri heildstæðri löggjöf þar sem núverandi æskulýðslög hafa ekki sætt endurskoðun frá árinu 2007. Mikil framþróun hefur orðið í málaflokknum frá þessum tíma líkt og háskólanám í tómsunda- og félagsstarfi á bakkalár- og meistarástigi sem hefur bætt fagþekkingu til muna í málaflokknum. Auk þess var samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins lögfestur með lögum nr. 19/2013 og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fullgiltur árið 2016 eftir gildistöku nýgildandi æskulýðslaga. Þá tóku lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 gildi í janúar 2022 og eru frístundaheimili og félagsmiðstöðvar m.a. talin upp sem þjónustuveitandi farsældarþjónustu á grundvelli laganna og mikilvægt að styrkja lagalega umgjörð frístundastarfs. Í stefnu um tómsunda- og félagsstarf barna og ungmenna til 2030 er ein af helstu áherslum til ársins 2030 endurskoðun æskulýðslaga nr. 70/2007 og jafnframt er áréttað í aðgerð 6 í þingsályktun um barnvænt Ísland mikilvægi þess að lögfasta ungmennaráð sveitarfélaga með breytingum á æskulýðslögum, nr. 70/2007, og skýra hlutverk þeirra, ábyrgð og umboð. Mikilvægt er að heildarendurskoðun fari fram með framangreind atriði að leiðarljósi og lögín endurspegli þær kröfur sem eðlilegt þykir að gera til skipulags æskulýðs- og frístundastarfs í dag, þá sérstaklega með það að markmiði að styrkja réttindi barna og ungmenna.

Ljóst er að framangreindum markmiðum verður ekki náð með góðu móti nema með nýrri heildarlöggjöf.

## D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

### 1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Lagt er til að halda fundi með helstu hagaðilum um stöðu æskulýðslaga og hvað lög um æskulýðs- og frístundastarf þurfi að innihalda til þess að styðja við starf á vettvangi og til þess að stuðla að framgangi stefnunnar. Auk sérfræðinga innan ráðuneytisins verður áfram unnið með Æskulýðsráði (sem starfar samkvæmt nýgildandi lögum og er ráðgefandi ráð fyrir ráðherra og ráðuneytið) að endurskoðun æskulýðslaga.

## Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Endurskoðun í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, einkum sem snýr að 12. gr. um rétt barna til þátttöku og virðingu fyrir skoðunum þeirra. Sveitarstjórnir tryggja að stofna og halda úti ungmennaráði enda eru ungmennaráð mikilvægur vettvangur fyrir börn og ungmenna til að taka þátt í samfélaginu hafa áhrif á nærumhverfi sitt og þjónustu við þau. Hlutverk ungmennaráða verði styrkt og eflt í samræmi við réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum. Starfsemi félagmiðstöðva verði lögbundin fyrir öll börn á aldrinum 10-18 ára.

### E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

#### 1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. lög nr. 97/1995, er kveðið á um það að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Heildstæð löggjöf um æskulýðs- og frístundastarf stuðlar enn fremur að því að réttindi sem löggjafinn hefur útfært skv. 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar verði virk. Þá er fjallað um mikilvægi félagsstarf barna og aðgengi að því án mismununar af nokkru tagi í ýmsum alþjóðlegum samningum sem íslenska ríkið er aðili að, m.a. samning sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og samning sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þar hefur ríkið skuldbundið sig að þjóðarétti til að grípa til ráðstafana, þ.m.t. á sviði löggjafar, til að tryggja að þau réttindi sem þar eru viðurkennd komi til framkvæmda.

#### 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei

#### 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Nei

### F. Samráð

#### 1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?

Félög og samtök sem vinna með börnum og ungmennum, félagsmiðstöðvar, ungmennahús, grunnskólar, framhaldsskólar, börn, ungmenni, foreldrar/forsjáraðilar, háskólar og sveitarfélög.

#### 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?

Forsætisráðuneytið, félags- og vinnumálaráðuneyti.

#### 3. Samráð sem þegar hefur farið fram

Stefna ráðuneytisins tómsunda- og félagsstarf, framtíðin, var unnin í viðtæku samráði undir stjórn ráðuneytisins og Æskulýðsráðs. Bæði voru rafrænar vinnustofur og samráðsgátt stjórnvalda nýttar við vinnu stefnunnar. Samráð vegna gerð nýrra laga er nú þegar hafin en ráðuneytið og Æskulýðsráð stóðu fyrir vinnustofu um ný heildarlög um æskulýðs- og frístundastarf sem var haldin 12. desember 2022 með fulltrúum helstu hagaðila. Einnig hefur samráð farið fram meðal annars með starfsfólki og stjórnendum félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Starfsdögum Samfés í september.

#### 4. Fyrirhugað samráð

Fundaröð ráðuneytisins og Æskulýðsráðs með helstu hagaðilum og áframhaldandi samtal við starfsfólk félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á landsvísu. Einnig verður áframhaldandi virkt samtal við börn og ungmenni.

### G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

#### 1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

## H. Næstu skref, innleiðing

**1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?**

Já

**2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?**

Verður metið síðar þegar umfang breytinga liggur fyrir.

**3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?**

Verður metið síðar.

**4. Mælikvarðar á árangur og útkomu**

Nú þegar er fylgst með þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu frístundastarfi í gegnum íslenskar æskulýðsrannsóknir og sýna niðurstöður að þátttaka í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur ótvírætt mikið forvarnargildi og styður við heilbrigðan lífstíl barna og ungmenna.

**5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?**

Fylgst verður með innleiðingunni í gegnum fyrirlagnir Íslenskra æskulýðsrannsókna og mælaborð stjórnvalda um farsæld barna.

## I. Annað

## J. Fylgiskjöl

**1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað**

**2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum**